

Nd.

300. Nefndarálit

[182. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 120 31. des. 1976, um tollskrá o. fl., með síðari breytingum.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Fjárhags- og viðskiptanefnd hefur haft þetta frv. til umfjöllunar mjög skamman tíma. Á fundi nefndarinnar mættu þeir Höskuldur Jónsson ráðuneytisstjóri, Klemens Tryggvason hagstofustjóri og Sigurgeir Jónsson fulltrúi.

Á fundi nefndarinnar kom skýrt fram að ekki er enn hægt að fá upplýsingar um með hvaða hætti ríkisstjórnin hyggst framkvæma þær ráðstafanir sem kynntar hafa verið, þaðan af síður hægt að fá tölulegar upplýsingar hér að lútandi.

Frumvarpið er flutt til þess að ná fram nokkurri lækkun framfærsluvísitölunnar sem reikna skal 1. febr., eða um 0.22%. Það er því liður í áframhaldandi vísitöluleik sem núverandi ríkisstjórn hefur iðkað á tveggja ára æviskeiði til þess eins að ná fram óraunhæfum tölulegum útreikningi á verðbólgu frá upphafi árs til loka.

Þetta sést best á því, að aðeins er um að ræða tillögur um lækkun á þeim heimilistækjum, sem tekin voru með í neyslúvörðun sem gerð var 1964—65 og lögð var til grundvallar þeim vísitölugrunni sem samþykktur var 1968.

Að okkar dómi er óréttlátt að gera slíkar aðgerðir sem þessar rétt um það bil sem reikna skal út grunn kaupgjaldsvísitölu sem gilda á frá 1. mars til 1. júní, þegar umræddar vörur hafa verið keyptar um tveggja mánaða skeið á hærra verði. Það er tvímælaust réttur fólks að verðbætur á laun séu ekki skertar í lok tímabilsins. Því væri nær að þessi lækkun, sem frv. gerir fyrir, hefði áhrif á kaupgjaldsvísitölu sem gilda skal frá 1. júní n. k.

Auk þess er ljóst að fyrirætlun ríkisstjórnarinnar er að bæta ríkissjóði tekjutapið og það ríflega þannig að kaupmáttur launa rýrnar enn að frumkvæði núverandi ríkisstjórnar.

Þrátt fyrir þetta munum við fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í nefndinni samþykkja þá tollalækkun, sem hér um ræðir, og stöndum að breytingartillögu á sérstöku þingskjali til samræmingar og leiðréttingar. Við áskiljum okkur rétt til þess að standa að eða samþykkja breytingartillögur, sem fram kunna að koma, og með því freista þess að gerð sé nú eða síðar á þessu þingi eðlileg og skynsamleg breyting á lögum um tollskrá, en ekki breytingar sem þáttur í vísitöluleik ríkisstjórnarinnar.

Alþingi, 1. febr. 1982.

Matthías Á. Mathiesen,
frsm.

Matthías Bjarnason.

Albert Guðmundsson.